

Íþróttamaðurinn.

Eftir
F. D. MILLET.

Varðmennirnir voru sjálfir að þrotum komir og þolinmæði þeirra var líka á enda. Sólarnir voru gengnir undan skónum þeirra á fjallagöngunni og fatadrúsur og blautar leðurteklar voru bundnar um fæturnar á þeim. Þeir voru í slitnum kápum, sem göt voru brend á, víða og þær floksuðust um öklana á þeim; húfurnar þeirra voru allar úr lagi gengnar af bleytunni og sátu eins og klessur á höfðunum á þeim. Þeir voru ekki færir til þess að hjálpa nokkrum manni til að ganga, því þeir gátu naumast dregist áfram sjálfir. Þeir stóðu kyrrir nokkra stund skjalfandi lítu hver á annan og hristu höfuðin, eins og þeim lægi við að gefast upp, og svo fóru þeir að reyn að koma Tyrkjanum aftur á fætur. Þeir komust áfram fáein skref; þá datt hann niður enn á ný, og þeir fóru eins að. — Eg var að ferast nær þeim meðan á þessu stöð, og þegar eg átti eftir svo sem sex skref til þeirra, datt Tyrkinn enn einu sinni og lá á flangur í forinni. Varðmennirnir reyndu að koma honum á fætur með því að hrista hann, en það var árangurslaust nú. Lokins misti annar þeirra allt vald yfir sjálfum sér og stakkt hann; öfluritið í síðuna með byssustingnum, þar sem úlpan hafði fletst upp, er hann datt. Eg var nú kominn nógu nálægt til þess að taka eftir hvað til þess, og eg þreif í öxlina á varðmanninum, snéri honum við, vatt honum frá og stóð sjálfur í hans sporum. Þegar eg laut niður að Tyrkjanum, reytti hann sig upp aftur hægt, eflaust af sársaukanum undan byssustingnum, og leit á mig bænarlaust, og það var sem undun og gleðisvipur breiddist yfir andlitid á honum í sömu svipan. Svo hvítnaði hann upp eins og deyjandi maður hneig út af stynjandi.

Allstór hópur Búlgara hafði safnast saman utan um okkur, og það var sem þeir hefðu gaman af að sjá einn óvinanna kveljast. Það var auðsæð, að þeir ætluðu ekki að bjóða neina hjálp, svo eg tók sérða Rússan, sem sat á hestinum mínum af baki og skipaði þeim að koma Tyrkjanum á bak. Eins og Búlgara var von og visa, flettuðu þeir að hjálpa Tyrkja, og eg varð að láta þá kenna á svipunni áður en hægt væri að koma vitinu fyrir þá. Þeir þeirra, sem ekki höfðu komist undan höggnum, lyftu upp meðvitundarlausu manningum, og báru hann að hestinum. Hermennirnir héldu að eg væri yfirmaður og stóðu hjá á meðan reidubúinir að hlýða skipunum. Þegar Búlgararnir báru Tyrkjan að hestum, sá eg að fáeinir blóðdropar hrundu niður á jörðina. Eg sá, að hann hafði bundið skyrtunni sinni um vinstri öxlina á sér innan undir úlpunni. Tveir menn innlendir studdu hann á hestinum og höfðu á honum hekk niður á bringuna. Svona komst hann, með því, að farið væri með mestu varkærni, upp að spítalanum. Eg leit til baka, meðan við vorum að þökast upp hæðina, og sá varðmennina tvo sitjandi á forugri gangstéttinni og byssurnar þeirra hölluðust upp að öxlunum á þeim. Þeir voru of þreyttir til þess að hreyfa sig áfram eða til baka.

Eg fann rúm handa sjúklingum í einni stofu upp á lofti í spítalanum. Hann var þvegin, færður úr fótunum og látinn ofan í heitt rúm. Það kom í ljós við skoðun, að hann var mikið særður. Kúla hafði farið gegnum vinstri brjóðvöðvann, út úr honum aftur og stöðnað í upphandleggshnútni. Læknirinn sagði, að nauðsynlegt væri að gera uppskurð á handleggnum og taka burt svo sem fjórða part af beininu.

Morguninn eftir fór eg í spítalan, til þess að sjá hvað gert hefði verið við særða manninn, því atburðirnir frá kvöldinu áður höfðu grafið djúpt í hugga mín. Í einum ganginum sá eg nokkra menn, sem stóðu umhverfis bráðabyrgðarrúm í horni. Það var auðsæð að það átti að skera einhvern upp, því að aðstoðarmaður hlt við og við stórti linhetu yfir fölu andlit, sem lá á koddanum og megn lykt af klóróformi fyllti loftið. Læknirinn snéri sér við, þegar eg kom nær, þekti mig, kinkaði kalli og brosti: "Við erum að fást við kunningja þína herna", mælti hann. Og um leið og hann sagði þetta fletti hann fótunum ofan af vinstri öxlinni á særða manninum. Eg sá fötin eftir kúluna, þar sem hún hafði farið út úr brjóðvöðvannum og inn í upphandleggsvöðvann, efst. Læknirinn hikaði ekki eitt augnablik, heldur skar beinan skurð ofan frá gegnum upphandleggsvöðvanninn að beini. Hann reyndi að skera sundur singnar og ná leggjarhnutunni úr liðnum, en misheppnaðist það. Hann eyddi engum tíma til að reyna það aftur, heldur skar annan skurð hvert út frá hinum að kúlusárinu og fletti svo þríhyrnuinni, sem þannig myndadist, upp á öxlina. Nú átti hann lafhægt me það að beinum úr liðnum, og það var ekki nema augnabliksverk að saga af brotna hlutann, binda fyrir æðarnar, sem höfðu skorist sundur og koma öllu í samlagt aftur.

Það dugði ekki að hika, því læknirinn var farninn að verða hræddur við áhrif klóróformsins á sjúklinginn. Við flýttum okkur að vekja hann með öllum ráðum, sem fyrir hendi voru, með því að skvætta köldu vatni framan í hann og hita honum á höndunum og fótunum. Þótt áhrifin af klóróforminu væru eflaust ög til þess að hann fyndi ekkert til sársauka, var samt sem han hefði ekki mist með

vitund alveg og vissi hvað við værum að gera. Hann gekk samt við seint, mjög seint, meðan læknirinn var að sauma sárið. Lokins opnaði hann augun og hreyfði varinur. Hann gætti vandlega á andlitum allra, sem stóðu umhverfis rúmið. Það var eitthvað í augnaráði hans, sem hafði ómótstæðilegt aðdráttarafl fyrir mig og eg laut áfram og beid eftir að hann litu á mig. Þegar hann sá mig breyttist augnaráð hans eins og ljós hefði alt í einu runnið upp fyrir augum hans, hið kalda, starandi augnatillit hvarf og í stað þess sást votta fyrir skilningi, eins og hann þekti mig. Þá apnuðust og augu mín skyndilega, og á bak við skeggið, sem hafði vaxið nokkra mánuði, og grímu fólvas fyrir framan mig, sá eg íþróttamanninn, sem eg hafði kynst í Túrni og París. Eg man eftir því, að þetta ölli mér mjög litillar undrunar, því að einhver tilfinninga skjóleiki kom yfir mig og mér fanst þessi undarlegi atburður næstum því náttúrulegur. Hann reyndi að tala en gat það ekki, svo hann rétti upp hægri hendina og myndaði með tveimur skjalfandi fingrum eftirlitingu af bókstafnum, sem hafði haft svo mikla þýðingu fyrir líf hans fram að þessu. Rétt í því dó bjarninn í augum hans út, og það var sem móður drægi yfir þau. Við hertum okkur alt sem við gátum við að vekja sjúklinginn til meðvitundar aftur, knúðir áfram af þeirri ósjálfráðu hvíti til að bjarga mannslíf; sem hver maður hefir sé þess annars nokkur kostur. En á meðan við vorum af öllum kröftum að reyna að gleða aftur lífsneistann með einhverjum hluta af okkar lífskrafti, kulnaði hann út, og skildi ekkert eftir nema öskuna þar, sem hinn bjarti eldur lífsins hafði brunnið. — Hjartað í honum var orðið afllaut.

Um leið og eg snéri mér við til þess að ganga burt, varð mér lítið á skurðina, sem læknirinn hafði burt; hann sást mjög greinilega á vinstri öxlinni. Skurðurinn var í lagi eins og bókstafurinn Y.

Ekki má sköpum renna.

SIGMUNDUR M. LONG, þýddi.

Það var í júnimánuði. Klukkan var hálfimm eftir hádegi. Loftið í skólaherberginu í þorpinu Summerleigh, var þungt og deydðarþrungið. Skóla var lokið þann daginn, og kennarinn, ungrú Angelica Todd, týndi saman blöð sín og bækur á skrifborðinu sínu; glöðu að sumu leyti, þó ekki á nægd. Ádal dagsverkinu var að sönnu lokið, þó gat hún ekki farið, hún varð að lita eftir einni skólastúlkunni, sem var látin sitja inni í hegningarskýni fyrir ósemilega breytni.

Stúlkan sat í sæti sínu og skrifaði kappsamlega, hún var fimtán ára gömul, há og grónn, og talin erfðust víðfangs af öllum nemendum ungrú Angelicu.

En hver sem hefði gefið henni gætur, þar sem hún sat nú, myndi kausta hafa trúnað því. Þegar Cynthia Drayles hélt kyrr fyrir hvíldi yfir henni engilsaklaus, alvöðugefnn svipur, sem maður sgr aðeins á gömlum ítölskum altarisöflum, ennið undir hinni lokkríka háári, var svipheint og fallgett. Munnurinn vel lagaður og augun aðdánalega björt og fallget. Hún virtist vinna af alúð og skyldurækni. Af og til féll hárlökkur, sem hafði losnað undan ennisreiminni, niður fyrir augun og þá ytti hún honum með blekugum fingrunum, aftur á sinn stað. Endrúm og sinnum leit hún til gluggans, þar sem sólín skein inn í allri sinn dýrd en á sama vettangi sá hún að ungrú Todd sendi henni alvarlegt augnatillit, og voru augun á skrifbókinni. Það var eitthvað í hreyfingum stúlkunnar, sem ungrú Todd gramdist; hún stq niður af kennarastólunum, og gekk með allmiklum hraða til Cynthia og hófði yfir öxlina á henni, þar sem hún skrifaði af kappi. "Það er ljót og ókenlegt að reka út úr ser tunguna, Cynthia," sagði hún hörkulega, "þetta er ekki O".

"Er það svo?" sagði Cynthia, með undrun og gremju. "Mér finnst það vera hérumbil það sama." "Það kemur ekki þessu máli við, hvað þér finst", svaraði ungrú Angelica myndug, "gerðu svo vel, og skrifaðu orðið eins og það er stafað", bætti hún við. Svo fór hún frá Cynthia inn í næsta lestraral, þar sem einn af kennurum var að taka saman plögg sín.

"Erud þér ekki á heimleið, ungrú Todd?" spurði hann, og virtist mest hugga um, að komast af stað sjálfur.

"Veðrið er yndælt og eg hlakka til að fá lungun fyllt af hreinu lofti."

"Já, það geri eg líka," sagði ungrú Todd og stundi við, "en eg get ekki farið strax, ein af stúlkunum verður að sitja inni."

"Áð líkindum er það Cynthia Drayle," sagði kennarinn.

"Það er alvenja að hún sitji inni. Mér þykir vænt um að eg hefði ekki mikið saman við hana á seldi. Eg ræð ekkert við hana. Eg á við, að mér er óskiljanlegt" hvernig hún er."

"Það er vist enginn, sem skilur hana verulega; í það minsta ekki eg," sagði ungrú Angelica. "Maður er tilneyddur að hegna henni, en hlýtur þó annarsvegar að þykja vænt um hana."

"Það er lagleg stúlka," "Já," sagði kenslukonan samþykkjandi, "með aldrinum verður hún afbragðs falleg. En eg var ekki að hugsa um það, heldur um breytni hennar. Hún hefur gaman af ýmsum smáhrekkjum, og þó er eg sannfærð um, að hún er best gefin af börnunum, og öllum þykir vænt um hana."

"Já, og ekki síst drengjunum, þeir nærri tilbúðja hana, og myndu með glöðu geði vaða eld og vatn hennar vegna, það er leiðinlegt að hún skuli vera slíkur vandræðagripur. Haldi þér ekki, ungrú Todd, að það sé að einhverju leyti uppeldinu að kenna, hvernig hún er, hún hefir verið móðurlaus, eg á við móður, sem hefði séð um hana á upp-vaxtarárunum. Hún er alin upp með föður sínum, þessum einkennilega manni, sem býr í kofanum á Lyngbakkanum, það er mín skoðun, ungrú Angelica, að þessar óheppilegur ástæður, valdi því að meiru eða minna leyti, hvernig Cynthia er."

"Það getur vel verið," svaraði ungrú Angelica, "en étt er víst; hún er vorkunarverð aumingja barnið," sagði hún og leit til dýranna, þar sem Cynthia var ingi. "Eg ætla að sleppa henni."

Hún gekk til hins litla syndara. "Lattu mig nú sjá hvað margar línur þú hefir skrifað," sagði hún alvarleg.

Cynthia rétti að henni skrifbókina og teygði úr sér, eftir að hafa setið svona lengi hálfborgin.

"Það er vonandi Cynthia, að þú látir nú þessi víti verða þér að varnaði framvegis, og munir þessa viðvörðun, sem þú hefir nú setið að og margskrifað," sagði ungrú Angelica hörkulega. "Viltu lofa mér því, að láta þig aldrei framar henda slíka ósvifni."

Cynthia þagði um stund, svo leit hún á kenslukonuna, sínum skarplegu og fallgaugum og svaraði í lágu róm.

"Eg veit ekki ungrú Todd, hvað miklu eg má lofa, því ef Lucy Gimes skæfir sig aftur framan í mig, þá er eg viss að gleyma hverju eg hef lofað, og rotti út úr mör tunguna á móti henni aftur, það er erfitt að stílla sig um að reka út úr sgr tunguna, og þess vegna er eg hikandi að rita því sem eg veit ekki hvort eg get efnt," sagði hún stillilega. "Það er vana viðkvæði hjá föður mínum, að það eg að freista forsjónarinnar að lofa einhverju. Eg veit ekki verulega hvað hann meinar, með því, en —"

"Við skulum láta okkur standa á sama," tók ungrú Angelica fram frami, með embættis myndugleika, "Svo máttu gjarnan fara!"

Cynthia spratt frjálslega á fætur, og teygði handleggina. En er hún sá, að ungrú Todd líkaði það ekki, hatti hún því, og stóð frammi fyrir henni með krosslagða arma, eins og hæfði vel síðari skólastúlku. En svo gætti hún að því, að hálsfesti ungrú Todd fór ekki vel. Með snöggri og aðdánlegri hreyfingu lafærði hún það, með léttu og lipru handtaki. Það var eitthvað svo einart og samúðarfullt í þessu líla atviki að ungrú Todd komst við og sagði: "Þakka þér fyrir litla vana mín," og kysti hana á ennið.

Á næsta augnabliki vafði Cynthia handleggjunum um háls kenslukonunnar, sem þrýsti henni að sér og með létum en litlum hlátri, hljóp erfiðasti lærlingur skólans út úr bekknum, þreif hattinn ánn af snaga í ganginum, tók stigann í þremur skrefum og hljóp sem örskot heimleiðis.

Heimili Cynthia var gamall en rúmgóður kofi, er stóð neðan við brekkuna, en skilinn frá þorpinu af falllegu dalverpi. Í raun og veru var þar alstaðar fallgett, víðáttumikið heidarländ, stórvaxinn greniskógur, græn og grösug engi, og kemmi maður upp á brekkuna, sá úr á sjóinn í fjarlægð.

Það er vanalegt, að unglingar gefi sér ekki mikið við fegurð náttúrunnar. En Cynthia var að þessu leyti undantekning, jafnvel án þess henni væri það fullt ljóst, skenti hún sér við yndæli náttúrunnar. Á heimleiðinni frá skólanum þenna umtalaða dag, fann hún að sólarhitinn vermdi í henni blóðið, hún dansaði við fót, raulaði og söng, glöðvæð og áhyggjulaus, sem henni var eiginlegt. En er hún nálgadist brúna, sem lá yfir lækin, hatti hún að synja. Hún hafði séð mann, sem stóð á brúnni, og hallaði sér upp við handröð. Það var unglingur, sem Cynthia hafði óbeitt á — án þess þó að hún væri hrædd við hann.

Líkt var um aldur þeirra, hann var stór og klunnalegur með kringlótt höfuð og ónetta andlitsdrætti. Nafn hans var Sampson Burridge. Faðir hans var fasteignasali og hafði fyr átt heima í þorpi þar í greiddinni. En hafði svo flutt til Summerleigh, og bygt sér þar stórt hús — en ekki að sama skapi vandað eða fallgett. Að öðrum leyti hét svo, að hann væri hettur sinni fyrri atvinnu, en samt var hann umboðsmaður Sir Anson Frayne á Summerleigh Court. Svo var það á orði að hann lánaði peninga með okkrentum, og græddi stórfé á þeirri atvinnu.

Ekki var Burridge vinsell í Summerleigh og litlar líkur til að hann væri þar ángæður. Helda fólkið vildi ekkert við hann eiga. En sjálfur var hann of stoltur til að umgangast almúgann. Sampson, sonur hans, var afar illa liðinn á skólanum. Hann áleit sjálfan sig mikinn mann, og var fullur af broka yfir auð föður síns. Fráhrindandi var hann í umgengni, og lék aldrei við jafnaldra sína. Aðalskemntu hans var, að egna til reiði, þá sem voru honum minni máttar, og svo hrekja þá og

þrjá á eftir. Strax og hann kom til Summerleigh, veitti hann Cynthia sérstaka addun og athygli, en sýndi því svo mikla frekju og ókurteysi, að henni var nærvera hans verulega ógæðsleg, og forðaðist hann eins mikið og henni var mögulegt, og er hún nú sá hann á brúnni, leit hún í kringum sig, hvort enginn vegur væri til að komast fram hjá honum, enda þó hún vissi, að hún hlýti að fara þessa leið, og það vissi Sampson líka.

Ógæðslegt bros lék um þykku varinrar og litlu augun lýstu af sigurgleði. Cynthia var ekki hrædd við hann, en gekk í hægðum sínum með saman kiprum vörum út á brúna.

"Góðan daginn, Cynthia!" kallaði hann, "Enn þá hefurðu verið látinn sitja inni? Altafgeruðu eitthvað af þér, og sannaðu til, þegar minnst varir verðurdu rekin úr skólanum. Samt sem áður líkar mér vel við þig, þú ert alt öðruvísi en hinar stelpurnar, eg ber virðingu fyrir þér, komdu herna og eg skal bera bækurnar þínar."

Cynthia hristi höfuðið neitandi, og hélt enn fastara um bókstöskuna.

"Nei, þakka þér fyrir Sampson," sagði hún. "Eg get sjálf borið bækurnar mínar."

Brúin var svo þröng, að tveir gátu ekki gengið samhliða. Cynthia stansaði á brúnni, og beid þess, að hana rýmdi til svo hún gæti haldið áfram. En Sampson rétti frá sér lappinnar og lokaði brúnni með því móti.

"Þú ert býsna hreykinn Cynthia," sagði hann neitandi, "Það er von þú sért í slæmu skapi, eftir innisetuna. Komdu nú hingað með töskuna, svo voðum við samferða, þú kemur alt of seint heim, þú hafði ekkert vinnufólk, og þú átt að búa til teið", bætti hann við með háðssvip.

"Já, eg kem of seint heim," sagði Cynthia stillilega. En eldur brann úr gráu augunum hennar. "Þakka þér, svo eg get komist".

"Hvað viltu gefa mér til að eg færi mig?" sagði hann og hló hrottalega. "Við skulum eiga kaup saman, — þú kyssir mig og eg lofa þér að fara".

Cynthia stökkroðnaði og beit á jaxlann í gremju.

"Eg vildi heldur deyja," sagði hún lágt, "eða standa hér til dóm dags, en að láta Sampson Burridge snerta mig".

"Við sjáum nú til," sagði hann hann, rauður í andliti af gremju og reiði, "yfir því, sem hún sagði "Eg kyssi þig nú, hvort sem þér er það ljúft eða leitt, skilurðu það?"

Hann þokaðist nær henni með hægð, Cynthia hafði ekki önnur úrræði en að flýja, sem þó var ekki árennilegt, því hann var svo nærri henni, að litlið vantaði á að hann gæti gripið hana, en hún var viðbragðsfljótari og liðugri en hann, og því líkur til, að hún hefði sloppið, ef hún hefði ekki verið svo óheppin að detta. Hún datt þó ekki alveg, en Sampson náði henni þó, og vafði handleggjunum utan um hana, áður en hún gat kallað á hjálp.

Á þessu vandræða augnabliki kom hjálpin í ljós. Það var hálfvaxinn piltur, ridandi á smáhesti, hann kom alveg málulega á brekku hallið hinu megin á arinnar, til að sjá víðureign þeirra Cynthia og Sampson, og heyra neyðaróp stúlkunnar, hann lét ekki á sér bera en flýtti sér sem mest ofan að ánni og yfir hana, og áður en þau gættu að honum, var hann kominn til þeirra, laut áfram og gaf Sampson þéttinga svipuhögg yfir höfuðið.

Sampson slepti Cynthia og snéri sér við. Drengurinn var stökinn af þaki og sýndist alþúinn í hvað sem vera skyldi.

"Komdu hingað, stúlka, kallaði hann til til Cynthia, "og haltu hestinum mínum, meðan eg jafna um þennan þorpara".

Skipunin var í svo myndarlegum róm, að einsett var að hlýða, og eins og í leiðslu tók Cynthia tauminn með annari hendi, og með hinni strauk hún hárið frá enninu, og beid svo með áhyggjusvip hvað verða vildi.

Drengirnir einblindu hver á annan. Aðkomni riddarinn var djartmannlegur og stiltur, en Sampson lýmskulegur og reidur á svip. Hann sá að þessi drengur, sem hafði skemt fyrir honum, þetta sem hann kallaði gamanleik, var líkur höfium á hæð. En miklu grenni og léttari. En það hafði reynslan kent honum, að afl og líkamsþyngslu voru mikils virði í áflogum, því hatti hann að nuðda á sér hnakkann; fór úr treyjunni og tautað:

"Eg skal jafna um þig, hvöpurinn þinn." "Ó-já, big langar til að berjast," sagði hinn háðslega. "Mér þykir vænt um, að þú vilt taka það frá þeirri hljóðni, annars hafði eg einsett mér að gefa þér nokkur svipuhögg, óþokkinn þinn".

Hann fleygði svipunni og fór úr treyjunni. Svo var eins og hann myndi eftir Cynthia, og snéri sér til hennar.

"Teymdu hestinn upp á bakkann," sagði hann, "það er ótíðlyðilegt að þú horfir á víðureign okkar. Eg kem til þín, þegar þessi kaudi er búinn að

KAUPIÐ HEIMSKRINGLU!

BORGID HEIMSKRINGLU!

AUGLÝSID Í HEIMSKRINGLU!